

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lækningaminjasjóð Jóns Steffensen.

1. gr.

Heiti.

Sjálfsseignarstofnunin heitir Lækningaminjasjóður Jóns Steffensen og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang sjóðsins er í Kópavogi.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að styrkja:

- a. Söfnun efnis um lækningasögu og heilbrigðissögu á Íslandi og uppsetningu sýninga.
- b. Vísindarannsóknir á íslenskum lækningaminjum.
- c. Framleiðslu kynningarefnis.
- d. Önnur verkefni sem tengjast íslenskum lækningaminjum.

Stjórn skal ráðstafa fjármunum sjóðsins til þessara verkefna samkvæmt umsóknum eða stjórnarákvörðun. Við það skal miða að úthlutun úr sjóðnum sé a.m.k. einu sinni á ári, í kringum fæðingardag Jóns Steffensen 15. febrúar eða á degi lækna 17. maí.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur sjóðsins eru Læknafélag Íslands, kt. 450269-2649, Læknafélag Reykjavíkur, kt. 450269-2559, Félag íslenskra heimilislækna, kt. 620289-1409, og Félag sjúkráðslækna, kt. 460318-2030.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er 52.000.000 kr. sem er framlag stofnandans Læknafélags Íslands, sbr. 4. gr.

Stofnféð er endurgreiðsla ríkissjóðs til Læknafélags Íslands árið 2021 vegna framlags félagsins til Lækningaminjasafns í Nesi árið 2007.

Stofnfé skal ekki skerða nema stjórn telji það nauðsynlegt vegna verkefna sem hún ákveður að sjóðurinn styrki.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hann kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í sjóðnum.

6. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé, styrkir, gjafir, auglýsingatekjur eða önnur framlög sem sjóðnum kunna að berast.

7. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm einstaklingum til fimm ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir einstaklingar í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, þ.e. Læknafélag Íslands tvo og tvo varamenn, Læknafélag Reykjavíkur einn, Félag íslenskra heimilislækna einn og Félag sjúkráðslækna einn. Eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn. Við það skal miða að stjórnarmenn sitji ekki lengur samfelld í stjórn en tvö kjörtímabil.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn sjóðsins. Missi stjórnarmaður hæfi til stjórnarsetu skal hann upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn skulu skýra satt og rétt frá högum sjóðsins í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórn er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða starfsmann, teljist þess þörf. Starfsmaður á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Starfsmanni ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

10. gr.

Bókhald.

Sjóðurinn skal færa bókhald um starfsemi sína. Stjórn, starfsmaður eða fjárvörsluaðili sjóðsins skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög um bókhald, nr. 145/1994.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir sjóðinn.

11. gr.

Endurskoðun.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrirtæki, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn til að yfirfara ársreikning og varamenn þeirra. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfundi sjóðsins til samþykktar. Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

12. gr.

Reikningsárið.

Starfsár og reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

13. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumanns. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna, sem greint er frá í 3. gr. eða skyldra markmiða.

14. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 9. mars 2026.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Bergrún Halldórsdóttir.